

Fundur í Safna og menningarmálanefnd 11 október 2010

Dagskrá:

- 1 Amtbókasafnið
- 2 Fréttir af fundi menningarráðs Vesturlands
- 3 Norðurljósin- menningarhátíð Hólmara 4. – 7. nóvember nk.
- 4 Önnur mál.

Mættir voru: Dagbjört Höskuldsdóttir, Árni Valbergsson, Elísabet Björgvinsdóttir, og Ólafur S. Ottósson, sem ritar fundargerðina. Símon Sturluson boðaði forföll en mætti samt.

Formaður setti fundinn kl. 17:20 og lagði fram ofangreinda dagskrá.

1. **Amtbókasafnið** – Til stóð að Ragnheiður Óladóttir greindi frá því sem efst er og hefur verið á baugi í starsemi bókasafnsins en vegna veikinda samstarfsmanns hennar á safninu var Ragnheiði ókleift að mæta. Hún sendi þó stutta greinargerð og gerði formaðurinn grein fyrir efni hennar. (Segja frá því helsta)
2. Fréttir af fundi **menningarráðs Vesturlands** . Formaðurinn skýri frá því að hún hefði sótt fund menningarráðs Vesturlands sem haldinn var 5. október s.l. og skýrði hún frá því helsta sem þar er á döfinni. (Þer er ákv. uppspretta styrkja t.d. til viðburða eins og Norðurljósa – sjá annars fundargerð fundarins)
3. **Norðurljósin – menningarhátíð Hólmara**. Formaður gerði grein fyrir því sem þegar hefur verið ákveðið um dagskrá hátíðarinnar sem haldin verður dagana 4. til 7. nóvember n.k. Stórtónleikar á fimmtudagskvöldið í Stykkishólmskirkju – ýmsir listamenn. Unglingadansleikur á föstudagskvöld og alm. dansleikur á laugardagskvöld – lágmarks aðgangsgjald. Öll söfn bæjarins opin almenningi og aðgangur þar ókeypis. (Ath. Ráðningu starfsmanns og nánari upptalningu á atburðum. Stefnt að því að kynna efni hátíðarinnar a.m.k. 10 dögum fyrir opnun en dagskráin telst í öllum aðalatriðu tilbúin??!)
4. **Önnur mál:** Formaður skýrði frá ályktun bæjarráðs um að fela Safna- og menningarmálanefnd um samræmingu og hugsanlega hagræðingu í starfsemi hinna ýmsu safna bæjarins. Ályktun þessi þarf umfjöllun og samþykki bæjarstjórnar og berst nefndinni í kjölfar þess.